

Leyfi til efnistöku í gabbróinnskoti norðan Breiðárlóns við Breiðamerkurjökul

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu veitir Orkustofnun hér með Vegagerðinni, kt. 680269-2899, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík, hér eftir nefnd leyfishafi, leyfi til efnistöku, sem nánar er tilgreint í 1. gr. þessa leyfis, á efnistökusvæði, sem tilgreint er í 2. gr., og á því tímabili, sem tilgreint er í 3. gr. leyfisins. Leyfið er gefið út til efnistöku vegna viðhaldsframkvæmda á rofvrörnum í farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi. Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar og samþykkis forsætisráðuneytis í samræmi við 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og 2. og 3. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Þá var leitað umsagnar umhverfisráðuneytis og Sveitarfélagsins Hornafjarðar í samræmi við 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1998.

1. gr.

Almennt

Leyfið tekur til efnistöku í bergi (klöpp), sem er hluti af gabbróinnskoti, og takmarkast við allt að 10.000 rúmmetra efnis á efnistökusvæði, sbr. 2. gr. leyfisins.

2. gr.

Efnistökusvæði

Leyfið tekur til efnistöku í bergi (klöpp), norðan Breiðárlóns við Breiðamerkurjökul. Efnistökusvæðið (náma A), sem er um 2.200 fermetrar að stærð, er merkt inn á meðfylgjandi kort (fylgiskjal G með umsókn), sem telst til hluta leyfisins, og afmarkast af eftirfarandi hnitum (ISN93):

X _(ISN93)	Y _(ISN93)
629077,16	399411,64
629123,20	399357,55
629149,76	399369,95
629095,60	399434,33

3. gr.

Gildistími

Leyfi þetta gildir frá dagsetningu undirritunar þess til 15. júlí 2010 (fylgiskjal II með leyfi). Framkvæmdir á grundvelli leyfisins skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2010 og skal þeim lokið 15. júlí 2010.

4. gr.*Tillit til nýtingar*

Leyfishafi skal við framkvæmdir og efnistöku á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni efnistökusvæðisins.

5. gr.*Mat á umhverfisáhrifum og skipulag*

Efnistaka samkvæmt leyfi þessu er ekki háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. 21. tölul. 1. viðauka og a-liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsskyldar framkvæmdir á vegum leyfishafa skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.

6. gr.*Vernd og frágangur starfsstöðva og svæðis*

Um vernd efnistökusvæðis gilda m.a. lög nr. 57/1998, lög nr. 44/1999, um náttúruvernd, einkum ákvæði 17., 34., 35., 37. og 38. gr. laganna, lög nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, svo og önnur lög, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1998. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengi um efnistökusvæðið og skal leitast við að tryggja að umgengni og framkvæmdir verði á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum og fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggi ekki framtíðarnotkun auðlinda á svæðinu.

7. gr.*Eftirlit*

Orkustofnun hefur, samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1998, eftirlit með framkvæmd efnistökkunnar samkvæmt leyfi þessu.

Orkustofnun hefur rétt til að fylgjast með efnistökkunni í alla staði og fá allar upplýsingar sem viðkoma henni og skal hafa aðgang að öllum þáttum þeirrar starfsemi sem efnistökkuna varðar.

Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti.

Orkustofnun skal hafa samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Orkustofnunar.

8. gr.*Upplýsinga- og tilkynningarskylda*

Leyfishafi skal í samræmi við 22. gr. laga nr. 57/1998 senda Orkustofnun skýrslu fyrir 1. september 2010, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um heildarmagn efnistökkunnar, nýtingu efnis og ljósmyndir af efnistökusvæði við lok verksins, en áður en frágangur hefst. Leyfishafi skal hafa samráð við Orkustofnun um nánari útfærslu skýrslunnar.

9. gr.*Eignarhald og endurgjald fyrir jarðefnaauðlindina*

Áður en leyfishafi hefur efnistöku samkvæmt leyfi þessu skal hann í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1998 ná samkomulagi við landeigenda um endurgjald fyrir jarðefnaauðlindina. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. sömu laga er landeigenda óskýlt að

veita leyfishafa aðgang að landi sínu uns samkomulag hefur náðst um endurgjald fyrir jarðefnaauðlindina.

Leyfi þetta til efnistöku fellur úr gildi 60 dögum eftir útgáfu þess hafi ekki verið samið um endurgjald fyrir efnistöku eða eignarnáms krafist, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 57/1998.

10. gr.

Skaðabótaskylda og vátryggingar

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna alls tjóns sem kann að hljótast af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Áður en leyfið er veitt skal leyfishafi sýna fram á að hann hafi tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns sem kann að hljótast af starfsemi hans almennt.

11. gr.

Framsal

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar, sbr. 32. gr. laga nr. 57/1998.

12. gr.

Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 20. gr. laga nr. 57/1998 eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði Orkustofnun vör við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa, skal stofnunin þá veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

13. gr.

Önnur leyfi

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum nr. 57/1998 eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir.


Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir, svo sem framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

14. gr.

Leyfisgjald

Í samræmi við 35. tölul. 11. gr. laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs, með áorðnum breytingum, skal leyfishafi greiða í ríkissjóð kr. 166.000. Greiðslan skal innt af hendi við móttöku leyfis þessa.

Orkustofnun, 13. apríl 2010



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Fylgiskjöl með leyfinu og teljast þau hluti þess:

Fylgiskjal I. Umsókn Vegagerðarinnar, dags. 17. mars 2010, ásamt eftirfarandi 7 fylgiskjölum:

- A. Hringvegur (1): Jökulsá á Breiðamerkursandi – rofvörn farvegur: 1. hefti - útboðslýsing
- B. Yfirlitsmynd: rofvörn farvegur
- C. Grunnmynd: náma A
- D. Ljósmyndir: séð til norðurs að grjótnámi við Breiðá
- E. Bréf Umhverfisstofnunar til Vegagerðarinnar, dags. 6. janúar 2010; grjótnám við Breiðá: umsögn.
- F. Bréf Sveitarfélagsins Hornafjarðar til Vegagerðarinnar, dags. 3. febrúar 2010; framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku við Breiðá í Örfum.
- G. Hnitsetning námu A við Breiðá (kort)

Fylgiskjal II. Tölvupóstur Vegagerðarinnar til Orkustofnunar þann 12. apríl 2010; svör við fyrirspurn Orkustofnunar.